

Hveragerði 25.4.2022

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Viðbót við svar 19.4.2022:

**Samlagsstjórn frístundabyggða við Seyðishóla 7.4.2022**

**1. Náma eða námusvæði sem merkt er 30b er mjög nálægt veginum inn í Kerhraunið og í næsta nágrenni eru hús í Kerhrauni E sem verða illilega fyrir barðinu á vikri sem fýkur úr námunni í miklu roki á öllum árstímum og veldur skemmdum á húsum og gleri. Gerum við þá kröfu að gjallfok úr Seyðishólum sé skoðað að vetri til í roki. Seyðishóllinn og allt umhverfið líka skiptir fljótt um lit í miklu roki og allt verður rauðbrúnt.**

Framkvæmdaaðili hefur tekið ákvörðun um að liður *4.1 Loftgæði* í Matsáætlun verði tekin fyrir og metin.

*Matsspurning:*

-Er aukin hætta á gjallfoki úr námu 30b.

*Aðferðafræði rannsókna.*

Svæðið skoðað og könnuð ummerki um gjallfok á svæðinu. Skoðaðar hugsanlegar uppsprettur gjallfoks.

Sigurður Þ Jakobsson

Hveragerði 25.4.2022

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Örn Þorvaldsson 19.4.2022**

Það er ekki verið að hefja efnistöku á nýjum stað í Seyðishólum.

Það verður ekki fallið frá þessu umhverfismati um efnistöku úr námu 30b enda tilgangurinn að lýsa áhrifum framkvæmdar og gefa almenningi, hagsmunaaðilum og viðkomandi stofnunum færi á að koma með athugasemdir sem síðan verður tekið tillit til samkv. úrskurði Skipulagsstofnunar.

Sigurður Þ Jakobsson

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Pristurinn, félag landeigenda í Klausturgötum A,B og C 19.4.2022**

**1. Veruleg hættu á auknu gjallfoki í vöndum veðrum yfir frístundastundabyggðir allt í kringum hólana með tilheyrandi skemmdum á húsum, gleri, gróðurhúsum, bílum, gróðri og öðrum verðmætum og getur valdið eigendum þeirra verulegu tjóni. Dæmi eru um að húspök hafa verið þakin rauðu gjalli eftir slík veður.**

Framkvæmdaaðili hefur tekið ákvörðun um að liður 4.1 *Loftgæði* í Matsáætlun verði tekin fyrir og metin.

*Matsspurning:*

-Er aukin hættu á gjallfoki úr námu 30b yfir frístundabyggðir við hólana.

*Aðferðafræði rannsóknna.*

Svæðið skoðað og könnuð ummerki um gjallfok á svæðinu. Skoðaðar hugsanlegar uppsprettur gjallfoks.

**2. Gífurleg aukning á bílaumferð um Hólaskarðsveginn, með tilheyrandi hávaða og ónæði.**

Þetta verður skoðað og metið í lið 4.8 *Umferð*.

**3a. Verði allri efnistökur úr námu 30b hætt, má gera ráð fyrir aukinni ásókn í aðrar námur í Seyðishólum eða í ósnortna gjallgíga í grenndinni. Þessir kostir verða skoðaðir frekar og metnir í frummatsskýrslu.“**

Þetta er ekki á neinn hátt hótun framkvæmdaaðila og sé það skilið þannig er beðist afsökunar á því þetta efni er mjög hentugt við ýmsar jarðvinnuframkvæmdir vegna sérstakra eiginleika gjallsins. Þetta er efni sem hefur verið vinsælt í velli, stíga, vegi og grunna. Verði þetta efni ekki fáanlegt úr þessari námu má ætla að einhverjir leyti eftir að fá eins efni annarsstaðar.

**3b Núllkosti og valkosti 2 fylgir því að ekkert hefur verið skoðað hvernig endanlegum frágangi núverandi námusvæðis verður háttað.**

Í aðalskipulagstillögu Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 stendur m.a.:

„Við frágang efnistökusvæða er gert ráð fyrir að þau falli sem best að landinu umhverfis og ættu þá ummerki um efnistöku að verða lítt sýnileg.“

og í stefnuliðum í kafla 3.2.10:

„Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.“

Tekið verður tillit til þessarar athugasemdar í Matskýrslu.

**4. Fyrirspurn varðandi 2 málsgreinar í matsáætlun, kafla „1.0 Almenn“**

Um Starfsleyfi úr öðrum námum í Seyðishólum er framkvæmdaaðila ekki kunnugt.

Sigurður Þ Jakobsson

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Umhverfisstofnun 4.4.2022**

**1. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á svæði sem njóta sérstakrar verndar í umhverfismatsskýrslu.**

Fjallað verður um þessi áhrif í matsskýrslu og í skýrslu jarðfræðings.

**2. Umhverfisstofnun telur mikilvægast að við mat á umhverfisáhrifum verði lögð áhersla á að setja fram áætlun um efnistöku þar sem lögð verði áhersla á að sjónræn áhrif verði sem minnst og að skýrar hugmyndir verði settar fram um hvernig unnt verði að skilja við svæðið þannig að ekki verði til lýta um alla framtíð**

Af tillitssemi við umhverfið hefur stærð námusvæðis verið haldið í lágmarki í stað þess að fletja það út. Staðan er því sú að hér er náma sem er tiltölulega lítil að umfangi en djúp og með bröttu stáli en lætur lítið yfir sér úr fjarlægð.

Náman eins og hún er í dag, er orðið aðdráttarafl fyrir myndatöku af ýmsum tilefnum og má finna þess dæmi á veraldarvefnum.

Í stað þess að flæmast um hólinn með námubarmana til að fá náttúrlegan halla veggja verður skoðað að hafa námun sem minnst sýnilega af svæðinu umhverfis og lokafrágangur námunnar verði þannig að við hana verði skilið með bröttum, berum og vel sýnilegum gjallveggjum sem sýna vel gerð efnisins, litadýrð og önnur sérkenni námunnar. Þetta svæði myndi þjóna vel sem bakgrunnur dramatískra mynda og myndskreiða og yrði jafnframt auðlæsileg opna þar sem skoða mætti gerð og jarðlög gjallgígsins ótruflað af veðrun, niðurbrotsöflum og gróðurþekju.

Kerið skammt fyrir neðan Seyðishólana er vinsæll skoðunarstaður. Beint á móti námunni er Kerhól sem er á verndarsvæði. Í aðalskipulagstillögu 2020-2032 stendur um Kerhól: *Búið verði í haginn fyrir móttöku ferðamanna eins og skilgreint verður í deiliskipulagi, að öðru leyti er jarðrask óheimilt.*

Í umhverfismatinu er þá ætlunin meta þann kost að námusvæðið verði gert aðgengileg til skoðunar og myndatöku fyrir almenning, fræðimenn og ljósmyndara sem yrði svo skilgreint í skipulagi fyrir námusvæðið og er þá í tengslum við það sem er að gerast í grenndinni. Þá er hægt að skoða í samhengi þessi fyrirbæri eldvirkninnar svæðisins, Kerið, sem er niðurdráttargígur, Kerhól, sem er gjall- og klepragígur og opnu í námu 30b sem sýnir innri gerð þessa gjallgígar.

Sigurður Þ Jakobsson

Hveragerði 19.4.2022

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Guðrún M Njálsdóttir 16.4.2022**

Það verður ekki fallið frá þessu umhverfismati um efnistöku úr námu 30b enda tilgangurinn að lýsa áhrifum framkvæmdar og gefa almenningi, hagsmunaaðilum og viðkomandi stofnunum færi á að koma með athugasemdir sem síðan verður tekið tillit til samkv. úrskurði Skipulagsstofnunar. Athugasemdir íbúa til sveitarfélags þurfa að fara í annan farveg.

Sigurður Þ Jakobsson

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Samlagsstjórn frístundabyggða við Seyðishóla 7.4.2022**

**1. Náma eða námusvæði sem merkt er 30b er mjög nálægt veginum inn í Kerhraunið og í næsta nágrenni eru hús í Kerhrauni E sem verða illilega fyrir barðinu á vikri sem fýkur úr námunni í miklu roki á öllum árstímum og veldur skemmdum á húsum og gleri. Gerum við þá kröfu að gjallfok úr Seyðishólum sé skoðað að vetri til í roki. Seyðishóllinn og allt umhverfið líka skiptir fljótt um lit í miklu roki og allt verður rauðbrúnt. Viljum við einnig benda á sjónræna hlutann og truflunina frá námuvinnslunni.**

Ekki er vitað um neinar skemmdir á mannvirkjum þarna vegna foks á gjalli úr námu 30b frá upphafi. Svæðið suðvestan við námu 30b (ríkjandi vindátt er norðaustlæg samkv. vindrósi frá Veðurstofu) hefur verið skoðað og engin merki um gjallfok frá námunni sjáanleg. Það hefur hinsvegar verið kvartað yfir foki á ryki af vegi um Hólaskarð undan flutningabílum.

Efni til vegagerðar um sumarhúshverfin er að mestu leyti gjall úr Seyðishólanámum og sem óbundið yfirborðslag brotnar það niður og það er hugsanlega ryk sem getur fokið um svæðið.

Efnistakan fer fram í námugryfju. Reynslan sýnir að lítil hætta er á rykmengun frá sjálfu námusvæðinu eftir efnistöku í 70 ár enda lítið um fínt ryk í gjallinu. Það er engin eiginleg vinnsla á efni sem fer fram í námunni nema efnislosun með vinnuvélum, sigtun á hluta efnis og mokstur á flutningabíla. Þessi vinna er háð eftirspurn og fjarri því að vera í gangi alla daga en með auknu magni mun vinnslutíminn að sjálfsögðu lengjast, annað á ekki að breytast. En sem mótvægi er búið að taka í notkun nýjar vélar sem bæði eru afkastameiri og hljóðlátari en þær eldri. Einnig verður malarvegurinn, frá námu á Búrfellsveg, lagður bundnu slitlagi sem dregur úr aksturshávaða og rykmengun af akstri á malarvegi mun hverfa.

Yfirbragð hólana mun ekki breytast mikið frá því sem nú er nema við námuopið á þeim hól sem verið er að vinna úr en þó að litlu leyti þar sem efnistökusvæðið mun aðeins stækka um 35% frá því sem það er í dag og nær ekki yfir hólinn heldur er utan í honum og mun teygja sig um 70 m upp eftir hólum, frá því sem nú er. Til að meta sjónræna áhrifin úr fjarlægð, frá mismunandi stöðum, verða gerðar líkanmyndir og skýringarmyndir af námusvæðinu og umhverfi eins og ætlunin er að það muni líta út að framkvæmd lokinni.

Hávaðamengun er ekki ætlunin að meta sérstaklega né loftmengun eins og fram kemur í kafla 4.1 *Loftgæði* í matsáætlun.

Sjónmengun verður metin eins og fram kemur í kafla 4.2 *Landslag/sjónræn áhrif* í matsáætlun. Meta má sem mótvægiságerð við valkost 1 að frágangur og lögun námusvæðis verður þá skilgreind í umhverfismati.

Sigurður Þ Jakobsson

Verk:

**EFNISTAKA Í SEYÐISHÓLUM náma 30b – matsáætlun 9.3.2022**

Svör við athugasemdum:

**Sumarhúsafélag í Kerhrauni 17.3.2022**

**Hrímgrund ehf, vegna lóða við Hraunsveg 12, 14 og 16, 23.3.2022**

**Kerhótel ehf, 22.3.2022**

**1. Kemur aukin vinnsla og stækkun námusvæðis til með að hafa áhrif á endurvarpsstöðvarnar sem eru efst á Seyðishólunum?**

Námuvinnsla mun engin áhrif hafa á starfsemi þessara endurvarpsstöðva frekar en verið hefur og námuhafar er skylt að halda opnum vegi upp að mastri. Fjarlægð frá efnistökusvæði að möstrum er um 300 m.

**2. Mun aukinni vinnslu, inni í námunni, fylgja hávaði og ryk?**

Þessi vinna fer fram fyrst og fremst í námugryfju. Reynslan sýnir að engin hætta er á rykmengun frá frá sjálfu námusvæðinu eftir efnistöku í 70 ár enda lítið um fínt ryk í gjallinu.

Það er engin eiginleg vinnsla á efni sem fer fram í námunni nema efnislosun með vinnuvélum, sigtun á hluta efnis og mokstur á flutningabíla. Þessi vinna er háð eftirspurn og fjarri því að vera í gangi alla daga en með auknu magni mun vinnslutíminn að sjálfsögðu lengjast, annað á ekki að breytast. En sem mótvægi er búið að taka í notkun nýjar vélar sem bæði eru afkastameiri og hljóðlátari en þær eldri. Einnig verður malarvegurinn, frá námu á Búrfellsveg, lagður bundnu slitlagi sem dregur úr aksturshávaða og rykmengun af akstri á malarvegi mun hverfa.

Í sölusamningum lóða á umræddu svæði á að vera vísað til kvaðar um malarnám á námusvæðinu.

**3. Kemur til að brúnir hólana breytist og lögun hólanna?**

Brúnir hólanna og lögun mun ekki breytast nema við námuopið á þeim hól sem verið er að vinna úr en þó að litlu leyti þar sem efnistökusvæðið mun aðeins stækka um 35% frá því sem það er í dag og nær ekki yfir hólinn heldur er utan í honum og mun teygja sig um 70 m upp eftir hólnum, frá því sem nú er, að framkvæmd lokinni. Til að meta sjónrænu áhrifin úr fjarlægð, frá mismunandi stöðum, verða gerðar líkanmyndir og skýringarmyndir af námusvæðinu og umhverfi eins og ætlunin er að það muni líta út að framkvæmd lokinni.

**4. Farið er fram á að sérstaklega verði metin aukin hávaðamengun, loftmengun og sjónmengun og hugsanleg veðurfarsleg áhrif.**

Hávaðamengun er ekki ætlunin að meta sérstaklega né loftmengun eins og fram kemur í kafla 4.1

*Loftgæði í matsáætlun.*

Sjónmengun verður metin eins og fram kemur í kafla 4.2 *Landslag/sjónræn áhrif* í matsáætlun. Meta má sem mótvægisáðgerð við valkost 1 að frágangur og lögun námusvæðis verður þá skilgreind í umhverfismati.

**5. Truflun vegna aukinnar umferðar fyrir fyrir notendur húss.**

Engin umferð vegna efnistöku er á vegum innan sumarhússahverfis.

Sbr. kafla 4.8 í matsáætlun verður metinn nánar ætlaður fjöldi ferða flutningabíla um þjóðvegi og akstursleiðir skoðaðar. Skoðaðar verða umferðatölur Vegagerðar um þessa vegi og önnur gögn frá sömu stofnun.

Sigurður Þ Jakobsson